

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 246/2018

2019/EES/17/01

frá 5. desember 2018

um breytingu á VI. viðauka við EES-samninginn (Félagslegt öryggi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/492 frá 21. mars 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 ⁽¹⁾.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

VI. viðauki við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004) og 2. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009):

„– **32017 R 0492:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/492 frá 21. mars 2017 (Stjtd. ESB L 76, 22.3.2017, bls. 13).“

2. Eftirfarandi er bætt við aðlögunartexta h) í 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004):

„NOREGUR

Ellilífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar (20. kafli) og skilgreind lífeyrisiðgjöld til kerfa samkvæmt lögum um skyldubundna lífeyrissjóði.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/492, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtd. ESB L 76, 22.3. 2017, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.